1857. 11. desbr. **25. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um brèfburðarkaup fyrir brèf þau, sem koma til Íslands frá útlöndum.**[1]

Í þóknanlegu brèfi 27. maí þ. á. hefir herra stiptamtmaðurinn hreift þeirri spurníngu, hvernig fara eigi með brèf þau frá útlöndum, sem ætluð eru til manna á Íslandi, þegar brèfburðarkaupið fyrir þau er ógoldið. Eptir að dómsmálastjórnin hefir skrifazt á við póstmálastjórnina hèr í Kaupmannahöfn um þetta mál, hefir þótt hentugast, eins og póstferðum nú sem stendur er háttað á Íslandi, að haga þessu á þá leið, að brèf þau, sem póstmálastjórnin sendir til hinna þriggja umdæma á Íslandi, skal senda hlutaðeigandi amtmönnum, og að það verði falið þessum embættismönnum á hendur, að heimta brèfburðarkaupið fyrir þau og gjöra tilhlýðileg skil fyrir því.

Samkvæmt þessu verð eg því að biðja herra stiptamtmanninn að taka við brèfum þeim, sem póstmálastjórnin í Kaupmannahöfn kynni að senda til manna í umdæmi því, sem yður er trúað fyrir, og koma þeim skilvíslega til þeirra sem við eiga að taka, móti því að þeir gjaldi hið ákveðna brèfburðarkaup, og ber yður þá að gjöra tilhlýðileg skil fyrir því, og senda síðan póstmálastjórninni.

---

29. desbr. **26. Umburðarbrèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannanna á Íslandi, um skýrteini, sem eiga að fylgja bónarbrèfum um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra.**

Það hefir ástundum sýnt sig, að bónarbrèf frá embættismönnum á Íslandi og ekkjum þeirra um eptirlaun er ábótavant í því, að ekki er þar rètt hermt frá embættistekjunum, eða þá að skýrteini þau vanta, sem eiga að fylgja, en af þessu leiða ónauðsynlegar og tíma eyðandi brèfaskriptir.

---

1) Sama dag voru brèf líks innihalds skrifuð hinum amtmönnunum á Íslandi.

Um leið og eg því sendi nokkur fyrirmyndablöð til að reikna á eptirlaun embættismanna eða ekkna þeirra — en fyrirmyndablöð þessi eru merkt A og B — verð eg þarhjá að biðja herra (stiptamtmanninn, amtmanninn) þegar svo ber undir, að senda hlutaðeiganda embættismanni eða embættismanns ekkju eitt af blöðum þessum til að rita í, samt að gæta þess, að allt sé í reglu og allar nauðsynlegar upplýsíngar sé við, áður en þér sendið dómsmálastjórninni bónarbréfin og fyrirmyndablöðin eptir að búið er að rita í þau; en einkum ber þó að gæta þess, að tekjur embættismannsins sé tilgreindar sérílagi um hin síðustu 5 ár, og skal telja þær annaðhvort til þess tíma er hann hefir fengið lausn, eða til dauðadagsins, samt að einúngis ber að telja tekjur þær, sem samkvæmt tilskipun 31. maí 1855 4. gr. verða teknar til greina, þegar reiknuð eru eptirlaun. Sömuleiðis ber að gæta þess, að fyrirmyndablöðunum A og B, auk skýrteina þeirra og upplýsínga sem þörf er á; einnig ber að fylgja skírnarseðill embættismannsins og annaðhvort frumrit eða eptirrit af veitíngarbréfi því, sem hann fékk þegar hann í fyrsta sinni var gjörður embættismaður með rétt á að fá eptirlaun, en fyrirmyndablaðinu B skal þarhjá fylgja vitnisburðarbréf prests um hjónavígsluna, um dauða mannsins, og um að hjónabandinu ekki hafi verið slitið áður en maðurinn andaðist; en sé sókt um eptirlauna viðbót handa börnum þeim, sem ennþá ekki er búið að sjá fyrir, þá skulu einnig fylgja skírnarseðlar þeirra og ekkjunnar. 1857. 29. desbr.